

Mál 05/2019

Ár 2019, mánudaginn 8. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 05/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 30. janúar 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 12. nóvember 2017 hafi komið í ljós að A var ekki með gilt augnvottorð, DND PRA 2 niðurtöður né mjaðma- og olboganiðurstöður við pörun við rakkann B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 05. febrúar 2019 og þeim gefinn andmælafrestur til 05. mars 2019. Kærðu sendu inn svarbréf við kæru 26. febrúar 2019 og gengust við öllum brotum og ætla að fara eftir reglum HRFÍ hér eftir. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 12. nóvember 2017 hafi komið í ljós að A var ekki með gild augnvottorð, DND PRA 2 niðurtöður né mjaðma- og olboganiðurstöður við pörun við rakkann B. En skv. reglum um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Tíkin er af kyninu Golden retriever og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: Golden retriever

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók. Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever og Golden retriever verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). Eftirfarandi gildir um Golden retriever: Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir prcd - PRA og GR_PRA1 og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P). Eftirfarandi gildir um Golden retriever: Öll undaneldisdýr skulu DNA prófuð fyrir GR_PRA1 og GR_PRA2 og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P).

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Það breytir ekki brotinu að hundarnir hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrir séð og teljast kærðu því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærðu X og Y teljast hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu eru áminnt.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóra Fannberg

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir